



Hestamannafélagið Sprettur

Stjórnarfundur Spretts 09. Febrúar 2026, fundur hófst kl 20:00.

Staður: Teams

Mættir eru: Jónína Björk Vilhjálmsdóttir, Katla Gísladóttir, Davíð Áskelsson, Sigrún Valpórsdóttir, Haraldur Pétursson, Lárus Sindri Lárusson (Teams), Sigurbjörn Eiríksson (Teams)

Fjarverandi:

1. Blue Lagoon nefndin

Erla Magnúsdóttir, Atli Rúnar Bjarnason og Birna Sif Sigurðardóttir mættu á fundinn en alls eru 6 manns í nefndinni. Þau kynntu starf nefndarinnar og rætt var um hvernig stjórnin getur stutt nefndina og eins hvaða innviða mætti laga til að auðvelda þeim starfið.

Börn og útivistartími er helst það sem foreldrar þátttakenda hefur gert athugasemdir við. Í fyrra var byrjað á þeim og svo var farið í eldri krakkana.

Margt annað var rætt en hér koma nokkur atriði sem farið var yfir.

- Hafa happadrætti fyrir sjálfboðaliða, nánari útfærsla óákveðið en hugmyndin er frábær.
- Það er helst að það vanti einhverja þuli, fyrstu 2 mótin eru klár en það komu fram nöfn sem hægt er að kanna nánar.
- Senda nefndinni „mótahandbókina“ sem mótaenefnd hefur verið að vinna að.
- Endurnýja mótörinn á stóru hurðinni. Þarf að panta og skipta um.
- Jónína setur inn allar tilkynningar á vefsíðuna okkar.

Var nefndinni þakkað kærlega fyrir það mikla starf sem þau leggja á sig til að halda þessa mótaroð.

2. Fjármál félagsins

Staðan er nokkuð góð í dag en mikilvægt að passa vel upp á reksturinn, bæði tekjur og gjöld þannig að staðan haldist áfram góð og réttu megin við núllið.

3. Aðalfundur Spretts

Ákveðið að senda út auglýsing um væntanlega aðalfund, hefðbundin auglýsing þar sem fram kemur staður og stund ásamt fjölda stjórnarsæta sem kosið verður um.

4. Mál frá reiðveganefnd

Til er nokkuð af reiðvegaefni og vill nefndin nota það til að hækka reiðveginn uppi á Skeifunni fyrir ofan keppnissvæðið. Það var samþykkt og ákveðið að tilboð hjá Loftorku í vinnuna.

5. Kópavogsbær

Lýðheilsu og íþróttanefnd Kópavogsbæjar hafa óskað eftir að koma í heimsókn og fá kynningu rekstri Spretts, aðstöðumálum, barna og unglingastarfi, afreksstarfi, lýðheilsustarf og samstarfi við Kópavog og Garðabæ. Mikilvægt að undirbúa þessa heimsókn vel. Niðurstaðan úr íþróttapúlsinum kom vel út, yfirþjálfara var mikið hrósað.

6. Þorrablót

Gekk ágætlega, mæting góð og maturinn líka. Rætt um að sækja um breytingu á

Skemmtistaðaleyfinu þannig að það dekki svona viðburði, það að fá lengingu á frá kl. 23:00 til 01:00. Núverandi leyfi rennur út í sumar og því mikilvægt að huga að nýrri umsókn fljótlega.

7. **Auglýsingar í Samskipahöllinni**

Allir útsendir reikningar greiddir. Farið var yfir tvö útistandandi mál.

8. **Vetrarleikar**

Senda út tilkynningu þar sem óskað er eftir sjálfbóðaliðum til að halda vetrarleikana sem eru um komandi helgi, Undirbúa þarf skráningu, dómara, vöfflur og verðlaunagripi.

9. **Rekstur hrossa í stórum gerðunum**

Rætt um rekstur hrossa í stóru gerðunum. Ákveðið að setja frétt á vefinn um reglur í gerðum og reiðhöllum. Sigrún vinnur þá frétt.

10. **Hrossaræktunarnefndin**

Sala á folatollum á Þorablótinu gekk vel. Nefndin er að fara yfir auglýsingarpláss fyrir ofan áhorfendastúkuna.

11. **Fjárfestingar vegna vökvunar, tunnuna.**

Mikilvægt að klára loftræstinguna fyrir Húsasmiðjuhöllina og skoða möguleika vökvunarbúnaði þar. Einnig rætt um stöðu á vökvunartunnunni, mikilvægt að hún verðir klár og aðgengilega fyrir útimótin í vor.

12. **Önnur mál**

Fara þarf yfir hverjir á vegum Spretts hafa aðgang að SportAblar og hvernig aðgang.

Fundi slitið kl. 22:45

Fundargerð ritaði Haraldur Pétursson